



## **Leikskólinn Sólborg á grænni grein Vorið 2010**



Skýrsla Leikskólans Sólborgar í Reykjavík  
vegna umsóknar um Grænfána vorið 2010

## 1. Upphaf umhverfisnefndar

Sólborg er einn af leikskólum Reykjavíkurborgar og heyrir undir Leikskólasvið. Skólinn tók til starfa í júlí 1994. Leikskólinn er staðsettur í sunnanverðri Öskjuhlíð og hefur frá upphafi nýtt sér allt það góða umhverfi til kennslu og umhverfisfræðslu. Leikskólinn hefur því lengi unnið að umhverfismálum þó ekki hafi verið um formlegar skráningar að ræða. Vorið 2008 fór stór hluti starfsfólks leikskólans í náms og kynnisferð til Akureyrar og var hluti af þeirri ferð tileinkaður fræðslu um umhverfismennt í leikskólastarfi.

Haustið 2008 hófum við síðan formlega vinnu við umhverfismennt, stofnuðum umhverfisnefnd og höfum fundað reglulega síðan. Markmið nefndarinnar eru í starfsáætlun vetrarins 2008 – 2009 og 2009 – 2010. Leikskólinn Sólborg hefur alla tíð verið með matjurtargarð á leikskólalóðinni og hefur hann verið nýttur, bæði til kennslu og að auki hefur leikskólinn notið góðs af afurðunum úr honum.

Haustið 2009 sóttum við formlega um að verða Grænfána leikskóli. Frá 30. september urðum við skóli á Grænni grein og markviss undirbúningur hófst að því að geta flaggað Grænfánanum 2010.

### Núverandi umhverfisnefnd

Auglýst var eftir áhugasömum starfsmönnum og foreldrum til að sitja í umhverfisnefnd. Í nefndinni sitja 6 fulltrúar einn frá hverri deild ásamt fulltrúa foreldra og fulltrúa stjórnenda.



Umhverfisnefnd Sólborgar

Frá vinstri

Unnur Anna Halldórsdóttir, fulltrúi Furustofu

Ragnheiður Þóra Kolbeins, fulltrúi stjórnenda

Sjöfn Sigsteinsdóttir, fulltrúi Birkistofu

Eva Engilræð Thoroddsen, fulltrúi Lerkistofu

Erla Rós Gylfadóttir, fulltrúi foreldra.

Lilja Þorsteinsdóttir, fulltrúi Víðistofu

Á myndina vantar Susana Papazian fulltrúa eldhúss en hún tekur sæti í nefndinni í maí 2010.

Börnin munu taka sæti í nefndinni vorið 2010.

## Hér á eftir koma helstu punktar úr fundargerðum frá hausti 2008.

- Fyrsti formlegi fundur umhverfisnefndar var haldinn 5. nóvember 2008. Á þeim fundi voru stigin fyrstu skrefin í átt að verða leikskóli á grænni grein. Rætt var um hvernig spara ætti rafmagn, minnka þvottavélarnotkun, eldhúspappír o.fl. Ákveðið var að finna ákveðna dalla þar sem börnin myndu flokka pappír sem þau færu síðar með í endurvinnslugám.
- Haustið 2008. Fulltrúi umhverfisverndarteymis og leikskólastjóri fylltu inní umhverfisgátlista fyrir skóla á grænni grein.
- Janúar 2009. Endurmat allra deilda á því hvað gert er og hvað má gera betur.
- 27. ágúst. 2009, umhverfisnefndarfundur á starfsdegi.
- Ákveðið var að færa okkur á næsta stig og flokka pappa og plast. Minnka pappírarnotkun. Prenta minna út og nota pappírinn vel. Upplýsa börn og fjölskyldur um þær breytingar sem við eru að gera. Minnka ljósanotkun, muna að slökkva ljós þegar engin er í því rými.
- Eftir þennan fund var sótt um þátttöku í verkefni Landverndar og markvisst byrjað að vinna að þrepunum sjö í leið að Grænfánanum. Svar við því fengum við 30. september 2009.
- Haustið 2009. Starfsfólk deilda fyllti inní umhverfisgátlista fyrir skóla á grænni grein.
- Nóvember 2009. Raunhæf verkefni deilda rædd á deildafundum
- 6. janúar 2010 umhverfisfundur í styttra lagi 30 mín.
- Fest voru kaup á moltutunnum í desember 2009 og ákveðið að byrja að nota þær 1. febrúar 2010. Ákveðið var að hver stofa safnar matarafgöngum (ávaxtarhýði, grænmeti, brauð og kaffikorgur ekki fisk eða kjötvörur). Hver stofa tæmir sína tunnu og tunnuna inn í eldhúsi þá daga sem deildarfundir eru. Eldhúsið tæmir á mánudögum.
- Í janúar heimsótti teymið Klambra. Við hittum aðstoðarleikskólastjóra Klambra Þóru Þorvaldsdóttur sem sýndi okkur hvað er verið að gera á Klömburum í umhverfismálum. Hún lagði mikla áherslu á fræðslugildið þ.e. að við erum að gera þetta allt saman með börnunum og þau eiga að vera þátttakendur í öllu ferlinu. Þannig skilum við vel upplýstum einstaklingum út úr leikskólunum. Hún leiðbeindi okkur með moltugerðina og lofaði að vera okkur innan handa með þá vinnu í framtíðinni.

- 16. mars 2010. Þóra aðstoðarleikskólastjóri á leikskólanum Klömbrum kom í heimsókn og kíkti á moltuna okkar og ráðlagði okkur hvernig best væri að huga að henni. Okkur fannst hún heldur blaut og ákveðið var að útvega sag til að þurrka hana. Teymissjóra finnst að við eigum að leita allra leiða til að þurrka hana á sem sjálfbærastan hátt. Bíða með að kaupa stoðefni. ( Við fengum gefins sag frá afa eins leikskólabarnsins og ætlum að nýta það).

## 2. Mat á stöðu umhverfismála

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein var fyrst útfylltur haustið 2008 af fulltrúa umhverfisnefndar og leikskólastjóra. Starfsfólk stofanna fyllti síðan út hann í janúar 2009 og júní 2009. Við útbjuggum síðan almennan lista fyrir hverja deild þar sem sagt var frá stöðu mála.



1. Febrúar 2010 var fyrsta moltutunnan tekin í notkun og hófst þá hin formlega jarðgerð. Við höfðum kynnt þá vinnu vel fyrir öllum og safntunnur hveðrar stofu voru sýnilegar viku áður en söfnun hófst. Verkefninu er skipt niður á daga og á hver stofa sinn losunardag. Þá sjá börnin um að tæma sína tunnu, taka úr eldhúsinu og setja út í safntunnuna. Um leið er stoðefni sett með og hrært lítillega í. Við settum okkur það markmið að hafa moltugerðina sem sjálfbærasta og kosta ekki til við gerð hennar öðru en tunnunum sjálfum. Stoðefnið sem við höfum notað eru niðurrifnir eggjabakkar, milliblöð úr eplakössum og gefins sag. Afi eins leikskólabarnsins hefur gefið okkur sag af trésmíðaverkstæðinu sínu. Moltugerðin gengur vel og vonumst við til að fá mold úr tunnunni í haust. Við eigum tvær safntunnur og tökum númer tvö í notkun þegar fyrri er orðin full.

Við höfum haft að leiðarljósi að flokka og skila sorpi og *endurnýta það sem hægt er, láta sem minnst fara til spillis*. Við höfum haft sérstakar sorptunnur frá því 2007 til flokkunar frá Gámaþjónustunni. Almennt sorp, pappi og tunna sem í má setja flokkaða

endurvinnslu. Einnig höfum við notað grenndargáma sem eru staðsettir nálægt leikskólanum. Leikskólastjóri hefur til margra ára farið í Sorpu með allt spilliefni, gler, járn, lýsisflöskur, flúorljósaperur, rafhlöður, flöskur og allt sorp sem ekki fer í almennt sorp.

Margt af því sem við nú gerum eða höfum gert í leikskólastarfinu á undanförunum árum tengjum við nú á markvissari hátt umhverfsvænni stefnu og landvernd. Þetta má sjá um allan skólann eins og sjá má á eftirfarandi lista.

### **Skrifstofa:**

Útprintun tölvupósts höfum við stórlega minnkað.

Prentað er báðu megin á blöð og við nýtum blöð sem okkur eru gefin til að prenta á það sem nota á innan húss.

Foreldraviðtöl eru send heim rafrænt en áður var þeim dreift útprintuðum.

Fréttabréf og aðrar tilkynningar til foreldra eru send rafrænt.

Plöst í plöstunarfél þarf að sækja á skrifstofu leikskólastjóra og þannig er fylgst með notkun á plöstum.

### **Eldhús, þvottar:**

Minnkuð notkun plastsfilmu. Álegg sett í box í stað diska með filmu.

Fjölnota borðbúnaður er eingöngu notaður

Fjölnota glös fyrir vatnsdrykkju barna utandyra voru tekin í notkun haustið 2008 og einnota glös aflögð

Flestallt rusl er flokkað og sett í flokkunargám eða farið með á Sorpu

### **Deildir:**

Ljósmyndir úr daglegu starfi eru vistaðar á heimasíðu leikskólans í stað útprintunar sem áður var algengt. Við skoðum og sýnum ljósmyndir á tölvuskjá.

Við notum endurhlaðanlegar rafhlöður og hleðslutæki, eru frá hausti 2009, inni á hverri deild en áður var eitt tæki fyrir allar deildir.

Ruslasöfnun á útikennslusvæði og leikskólalóð.

Hvatning til barna að nýta teiknipappír betur, teikna á báðar hliðar þegar það passar.

Reynum að nota það efni sem tilfellur sem mögulegt er að endurnýta t.d. í listsköpun, leiki.

Notum eina borðtusku á þrjú borð í einu í stað þriggja áður.

Foreldraviðtöl eru send rafrænt fyrir viðtal til foreldra.

Orðsendingar og upplýsingar til foreldra skráðar á fjölnota plastblöð við stofudyr .

Ljós eru slökkt í þeim rýmum sem ekki er verið að nota.

Við endurnýtum plastpoka og pappa eins og hægt er og flokkum það sem eftir er í grenndargám hér í nágrenni.

Við fáum gefins pappír frá prentsmiðjum og einnig eru foreldrar duglegir að láta okkur hafa pappír sem til fellur hjá fyrirtækjum sem þeir starfa hjá.

### **Forstofa:**

Blautur fatnaður barna fer heim daglega en áður voru nýttir þurrkskápar.

Allir þurrkskápar eru nú farnir úr forstofunni.

Blautir vettlingar eru settir á ofna eða liggja á bekkjum í lok dags.

Við sópum sandi, steinum og öðru lífrænu leikefni og það fer aftur út í náttúruna.

### **Ræsting:**

Umhverfissvottað fyrirtækið ISS sér um ræstingu frá áramótum 2009 - 2010. Rými eru nú ræst eftir þörfum s.s. leikstofur oft en skrifstofur sjaldnar. Plastpokar voru teknir úr ruslatunnum haustið 2008 og einungis í þeim tunnum sem blautt sorp er í. Trefjaklútar eru notaðir við almenna ræstingu.

### **Listaskáli:**

Pappír fáum við gefins frá prentsmiðjum og nýtum þannig þann efnivið sem aðrir hefðu annars fargað

Endurnýtanlegt efni hefur í auknum mæli verið nýtt í myndsköpun



### **Starfsmenn:**

Við höfum tekið þátt í Lífshlaupinu í tvígang og hefur það vakið fólk til umhugsunar um eigin lýðheilsu.

Við höfum tekið þátt í Hjólað í vinnuna og eru nú að staðaldri þrír starfsmenn sem nýta hjól sem samgöngutæki.

Gönguhópur var um tíma mjög virkur og styrkti það liðsandann.

Einstaka starfsmenn lýsa aukinni endurvinnslu og flokkun sorps heima fyrir.

### 3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Leikskólinn setti sér markmið í starfsáætlun haustið 2008 – 2009 og 2009 – 2010 og eru þau þessi:

Áherslur og markmið úr starfsáætlun 2008 – 2009 í umhverfismennt “Á leið að verða Grænfánaleikskóli”.

1. Að stofna umhverfisnefnd sem í sitja starfsmenn og fulltrúi úr foreldrahópnum ásamt aðkomu nemenda.
2. Að meta hvar við stöndum í umhverfisvernd.
3. Að skipuleggja næstu skref og hvert við viljum stefna í vetur.
4. Að meta árangur í lok skólaárs.

**Endurmat:** Teymi um umhverfismennt, sem í sat eitt foreldri, hittist að hausti og lagði línurnar fyrir haustið. Við þurfum að virkja þetta teymi betur og gefa því markvissara hlutverk.

Markmið 2009 – 2010 úr starfsáætlun í umhverfismennt “ Á leið að verða Grænfánaleikskóli”.

Við leikskólann er starfsandi umhverfisnefnd sem í sitja starfsmenn og fulltrúi úr foreldrahópnum.

Leiðir:

1. Skrá umhverfisstefnu leikskólans
  2. Sækja um að verða skóli á grænni grein
  3. Matráður taki enn meira þátt í endurvinnslu og moltugerð
  4. Umhverfissáttmáli verði settur við leikskólann. Hann á að lýsa í stuttu máli heildarstefnu leikskólans í umhverfismálum
  5. Upplýsa foreldra og aðra í samfélaginu um stefnu okkar í umhverfismálum.
- Metið verður hvar við stöndum á leið okkar í að verða Grænfánaskóli út frá gögnum frá Landvernd. Einnig verða viðhorf foreldra og starfsfólks til verkefnisins metin.

**Endurmat:** Það verður gert í júní 2010. En margt af því má sjá hér í þessari skýrslu.

Auknar kröfur um hagræðingu í rekstri leikskólana árið 2008 leiddu hugann að sparnaði á ýmsum sviðum sem féllu mjög vel að þessum umhverfisjónarmiðum.

### Hvert stefnum við?

Það eru mörg verkefni framundan hjá okkur í umhverfisverndarmálum og bætist við hann eftir því sem þekking okkar og áhugi eykst.

- Við höfum á síðast liðnum tveim árum tekið okkur markvisst á í flokkun og losun sorps.
- Við hófum moltugerð í febrúar á þessu ári og stefnum að þeirri vinnu áfram.
- Við getum dregið úr uppvotti kaffibolla með því að hver starfmaður hafi sinn en það var lengi vel þannig.

- Með reglulegri skráningu á orkunotkun getum við fylgst betur með notkun, með það að markmiði, að minnka vatns og rafmagnsnotkun.
- Meiri ræktun á leikskólalóðinni.
- Að bjóða uppá kynningu á því sem við erum að gera til annarra leikskóla í hverfinu.
- Tengja það sem við nú þegar gerum við umhverfisstefnu í kynningu til foreldra.
- Auka þátttöku foreldra í umhverfisstefnunni okkar, til dæmis með því að fá endurnýtanlegt leikefni frá heimilunum og að foreldrar skaffi fjölnota poka undir blaut föt barna sinna og fleira.
- Við viljum taka þátt í umhverfisdeginum 24. apríl með því að taka allt rusl í nágrenni við skólann. Koma því á einn stað og jafnvel mynda hrúguna.
- Virkja börnin til þátttöku í umhverfisteyminu. Ein hugmyndin er að gera eins og leikskólinn Norðurberg, hafa tvö umhverfisteymi annað með fulltrúa foreldra og hitt með fulltrúum barna.
- Við ætlum að útbúa nákvæman lista, jafnvel myndrænan, yfir það sem á að fara í moltutunnuna. Það auðveldar börnunum, deildarstarfsfólki og einnig nýju fólki að flokka.
- Markmið næsta vetrar í verkefninu *skóli á grænni grein* er að kortleggja orkunotkun. Við munum fylgjast með notkun orku og vatns í skólanum með reglulegri skráningu.
- Mikill áhugi starfsmanna er á að kynnast þemanu Líffræðileg fjölbreytni og munum við líka hafa það í huga.
- Auka kynningu til foreldra og annarra á því sem við erum að gera.
- Meiri fræðsla til barna og starfsfólks um af hverju við erum með umhverfisvænar áherslur t.d. af hverju moltugerð.
- Að símenntunaráætlun starfsfólks taki mið af áherslum náttúru- og umhverfisverndar.

#### **4. Eftirlit og endurmat**

Stöðugt eftirlit og endurmat tryggir að settum markmiðum sé náð. Það er hlutverk umhverfisnefndar og deildastjóra hverrar stofu að fylgjast með og hvetja. Nefndin heldur fundi reglulega og eru þeir á dagatali leikskólans. Endurmat á starfsáætlun leikskólans fer fram að vori og taka allir starfsmenn þátt í matinu. Þá eru markmið umhverfismenntar metin.



## 5. Fræðsla

Í leikskólanum eru börn á aldrinum eins til sex ára. Tækifærin í kringum okkur eru óþrjótandi. Það er óhætt að segja að á leikskólalóðinni og í nágrenni leikskólans sé hægt að efla alla undirstöðuþætti leikskólastarfsins, leikinn, lífsleikni og daglegt líf. Auk þess má efla alla námsþættina, hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlistina, náttúru og umhverfi, menningu og samfélag. Starfsáætlun leikskólans er þannig að við hefjum haustið á vinnu um það hvernig náttúran breytist og undirbýr sig fyrir komandi vetur. Í október er unnið með samfélagið og menningu, börnin sjálf og nánasta umhverfi. Eftir jólin tekur við tónlistartímabil eða myndlistartímabil, vorkoman er síðan tekin fyrir og allt sem við kemur henni. Inn í öll þessi tímabil fléttast síðan málrækt og umhverfisfræðsla.



Mikið í umhverfisfræðslunni tengist trjágróðri því trjágróður umvefur leikskólalóðina og kjörið tækifæri til að læra t.d. um heiti margra trjategunda.



Yngstu börnin taka upp kartöflur

Matjurtagarður er innan lóðar og þar er hægt að setja niður það grænmeti sem hver kennari óskar. Kartöflur, radísur, krydd og rabarbari hafa verið vinsæl til ræktunar síðast liðin ár. Berjarunnar með sólberjum og rifsberjum eru innan lóðar og hafa börnin fengið

tækifæri til að búa til sultur og hlaup. Matjurtargarðurinn okkar hefur verið misjafn milli ára eins og gengur en lífrænn áburður var settur í garðinn fyrir tveimur árum. Lokun leikskólans yfir sumartímamann hefur haft áhrif á vökvun og umhirðu.

Við höfum jarðvegsgerð 1. febrúar eftir vel athugað mál. Tvær tunnur verða nýttar til að byrja með og er verkefnið kær viðbót í fræðslu til barnanna

Við sáðum haustlaukum síðast liðið haust og er fróðlegt að sjá undrun barnanna við litlu blómunum sem upp eru að koma



Sáning haustlauka 2009

Ævintýraferðir hafa verið á dagskrá lengi í leikskólanum og í haust höfum við markvissa útikennslu allra stofa. Starfsfólk sótti námskeið Náttúruskólans og hafa þau skilað miklu í frjóu verkefnavali.

Pappírsgerð hefur verið í leikskólanum annað hvert ár og við þá nýtt dagblöð í þá vinnu.

Grenndargámur er í nágrenni skólans og höfum við um árabíl farið þangað markvisst með mjólkurfernur. Leikskólinn fjárfesti í forláta innkaupatösku 2006 sem börnin skiptast á að draga á eftir sér á leið sinni að gámnum.

Tölvuleikir á vefnum [www.sorpa.is](http://www.sorpa.is) og [www.heimurinn.is](http://www.heimurinn.is) eru nýttir en í þeim er góð fræðsla fyrir börn um flokkun og urðun á sorpi.

Útíþróttir barnanna eru í júnímánuði ár hvert og er Öskjuhlíðin nýtt í það. Þar er hægt að finna þýfðan jarðveg til að æfa sig að ganga í. Víðavangsleikir, ratleikir með verkefnum eins og að para saman jurt við mynd, tré við mynd og fleiri skemmtileg verkefni eru einnig leikin þar. Þeir eru liður í því vekja áhuga barna á náttúrunni. Perlan er í 10 mínútna göngufæri frá leikskólanum. Hægt er að fara þar inn og upp og á útsýnissvæði þar sem skoða má allan sjóndeildarhringinn. Í góðu veðri er hægt að sjá fjöllin sem eru í nágrenni höfuðborgarinnar ásamt því að sjá Snæfellsjökul. Börnin geta leikið sér að því að telja kirkjur og kirkjuturna auk þess að þekkja og finna aðrar markverðar byggingar borgarinnar.

Til gamans má nefna að leikskólinn nýtti sér náttúruna þegar kom að því að nefna hin ýmsu svæði innan leikskólans. Heiti stofanna í leikskólanum eru fengin frá þeim mikla trjágróðri sem finna má allt í kring. Má þar nefna Lerki, Birki, Víði og Furu. Greni er aðstaða kennara til undirbúnings og Lauf er skrifstofa sérkennslustjórans. Það er því ljóst að umhverfi Sólborgar er ákjósanlegur vettvangur fyrir útikennslu, útinám og umhverfismennt.

Sjá mynd sem fengin er af Google Earth.



Starfsfólk hefur fengið fræðslu á starfsdögum og Helena Ólafsdóttir, skólastjóri Náttúruskólans var með okkur á starfsdegi vorið 2009 og kynnti fyrir okkur útinám og útikennslu. Nokkrir starfsmenn hafa einnig sótt námskeið á hennar vegum. Orri Páll frá Landvernd kom til okkar á starfsdegi 4. janúar 2010 með fyrirlesturinn, *Hvað er umhverfismennt?*

## 6. Kynning á stefnunni

Við höfum kynnt fyrir foreldrum á sameiginlegum foreldrafundum stefnu skólans í umhverfismálum. Auk þess höfum við sett inná heimasíðu leikskólans markmið með vinnu teymisins. Í starfsáætlun leikskólans koma fram markmið leikskólans í umhverfismálum. Opið hús verður í júní 2010 og verður þá kynning á því sem við höfum gert í vetur í umhverfismálum.

## 7. Umhverfissáttmáli Sólborgar

Umhverfisnefndarteymi Sólborgar las sér til um umhverfissáttmála annarra skóla. Eftir umræðu á teymisfundum var umhverfissáttmáli Sólborgar saminn, kynntur og samþykktur af öllum starfsmönnum Sólborgar.

*Leikskólinn Sólborg starfar í umhverfismálum samkvæmt gildum umhverfisverndar. Markmið okkar er að börn og fullorðnir tileinki sér umhverfisvæna siði og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Við leikskólann er starfandi umhverfisnefnd sem í sitja fulltrúar stjórnenda, foreldra, starfsmanna og elstu barna. Leikskólinn Sólborg tekur mið af umhverfisvernd varðandi flokkun sorps, endurvinnslu, notkun efna, orku og vatns. Við nýtum umhverfið okkar til fræðslu og ræktum kartöflur og krydd innan leikskólalóðar.*

### Lokaorð:

Þegar vinna við skýrslu sem þessa fer af stað kemur í ljós að margt sem við gerum í daglegu starfi, og við látum hjá líða að skrá, eru samt sem áður mikilvæg skref í leið okkar að Grænfánanum.

Það er okkur mikil ánægja og metnaður að standa okkur vel í umhverfismálum. Við teljum það mjög ánægjulegt að vera nú með markvissa stefnu í umhverfismálum og með markvissari skráningum verður umhverfisstarfið sýnilegra okkur sjálfum og öðrum. Við höfum alla tíð haft það að leiðarljósi í námskránni okkar og starfsáætlunum hvers árs að fræða börn um náttúruna og nánasta umhverfi.

Við finnum að á þessum stutta tíma síðan við byrjuðum að marka okkur stefnu í þessum málaflokk að umhverfisvernd er þroskaferli frekar en átaksverkefni. Það eru áhugasamir og drífandi kennarar í Sólborg sem hafa verið í fararbroddi og munu leiða okkur á þroskabrautinni. Það er einhugur í starfsmannahópnum að ná settu markmiði og fá að flagga Grænfánanum um ókomna framtíð.

Apríl 2010

Fyrir hönd umhverfisteymis Sólborgar

Jónína Konráðsdóttir leikskólastjóri, ábyrgðarmaður skýrslu

Ragnheiður Þóra Kolbeins aðstoðarleikskólastjóri, ritstjóri

Erla Rós Gylfadóttir foreldri, yfirlestur